

Fundur Foreldrafélags Árskóla
13.02.2012

Mætt: Hulda, Erla, Þröstur, Sigga, Kári, Lilja og Óskar Björnsson.

-Óskar kynnti fyrir stjórninni viðbyggingu við skólann og sýndi teikningar.
-Kynnti líka fyrir okkur nýja skólanámsskrá sem er í samræmi við aðalnámsskrá og verður send á okkur í tölvupósti. Foreldrafélagið (stjórnin) er umsagnaraðili og einnig fræðlsunefnd og skólaráð.

Upp kom hugmynd að tengiliðir og skólaráð taki þátt í sjálfsmatsvinnu Árskóla.

-Óskar lauk máli sínu og stjórn fundaði áfram.

-Stjórnin lýsir yfir ánægju sinni með það fyrirkomulag sem er á böllum fyrir 16 ára unglingana okkar og þykir hafa tekist vel til.

-Varamaður fyrir Huldu í skólaráð verður Lilja.

- Auglýsing fyrir Öskudagsskemmtun Foreldrafélags er komin í Sjónhornið.

-Fleira ekki gert og fundi slitið, næsti fundur ákveðinn 7. mars kl.20.

Hulda B. Jónsd.

Auglýsingin:

Öskudagur

**Foreldrafélag Árskóla stendur fyrir öskudagsskemmtun í íþróttahúsinu
miðvikudaginn
22. febrúar kl. 14.**

- **Á skemmtuninni verður kötturinn sleginn úr tunnunni.**
- **Söngatriði, skráning í þau á staðnum.**
- **Grímuball og andlitsmálun.**
- **Skemmtuninni lýkur svo með hinu ómissandi karamelluregni.**

**Allir velkomnir og sjáumst hress,
Foreldrafélag Árskóla.**